

Námsmat

Mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu. Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Námsmat á einnig að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda, hæfni þeirra, vinnubrögð og framfarir, sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Markmið skólastarfs eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim og því verða matsaðferðir að vera fjölbreyttar. Þær verða að hæfa hæfniviðmiðum, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum. Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá.

Lindaskóli hefur þessi markmið að leiðarljósi og eru nemendur metnir allan ársins hring með fjölbreyttum og margvíslegum leiðum. Foreldrar eiga að geta fylgst með heimanámi barna sinna inni á mentor.is sem og niðurstöðum kannana, hæfni þeirra og framförum þó að munur sé á endurgjöf eftir því á hvaða aldurstigi nemandinn er.

Í foreldraviðtölum í febrúar er farið almennt yfir líðan nemandans, hvernig náminu miðar, hvað gengur vel og hvað þarf að bæta. Ekki eru afhent formleg vitnisburðarblöð heldur eru þessi viðtöl hugsuð sem almennt spjall á milli heimilis og skóla.

Allir nemendur Lindaskóla fá munnlegt stöðumat úr hverri grein fyrir sig þar sem þeir eru komnir í nýtt námsmat aðalnámskrár. Allar kannanir, próf og verkefni fara inn á mentor þar sem nemendur geta fylgst með stöðu sinni út frá þeim verkefnum og prófum sem þeir hafa leyst og fá endurgjöf í formi umsagnar og lita. Þar sem Lindaskóli er í innleiðingarferli með nýja námsmatið í 1. – 7. bekk eru sumir farnir að gefa í litum ásamt umsögnum á meðan aðrir kennarar / árgangar gefa að mestu leyti í umsögnum. Unglingadeildin hefur lokið innleiðingu nýja námsmatsins og munu allir unglingar fá bæði umsagnir og liti. Í foreldraviðtölum í 10.

bekk munu nemendur og foreldrar fá ítarlegri upplýsingar um stöðuna á þessum tímamarki upp á umsóknir inn í framhaldsskólana.

Litirnir eru:

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
◇	Á góðri leið
○	þarfnast þjálfunar
✗	Hæfni ekki náð

Eins og orðaskýringar við táknið gefa til kynna þá gengur nemandi sem fær fjólubláan og grænan lit vel í Lindaskóla. Þegar nemandi fær grænan lit merkir það að hann hafi sýnt það góðan árangur að þekking og hæfni teljist fullnægjandi. Fjólublár litur þýðir að nemandinn er á góðu róli og á réttri leið. Enn vantar þó aðeins upp á að hann teljist hafa náð fullnægjandi tökum á námsefninu til að fá græna litinn. Fjólublár litur þýðir að nemandinn er að leggja sig fram og er lagður af stað í átt að því að ná fullnægjandi tökum. Gulur litur þýðir að nemandinn þarf enn tíma til að ná tökum á námsefninu og þarfnast meiri þjálfunar heima og í skóla til að ná betri skilningi. Blár litur merkir framúrskarandi árangur. Bláan litur fá þeir nemendur sem sýna framúrskarandi tök á námsefninu, eru sjálfstæðir í vinnu við viðfangsefnið og nálgast þau á þann hátt sem setur þá skrefinu frammar en jafnaldrar þeirra.

Nemendur fá vitnisburðarblað afhent í kringum skólaslit í júní og þá er námsmatið eftirfarandi:

1.-3. bekkur fær liti/umsagnir í öllum námsgreinum

4. -10. bekkur fær einkunnir í bókstöfum í öllum námsgreinum sem eru:

A, B+, B, C+, C,D

Allar list- og verkgreinar sem og sund birtast á vitnisburðarblaði á vorönn hjá öllum árgöngum hvort sem það var kennt fyrir eða eftir júl.

Einkunnir í valgreinum í 9. og 10. bekk fara eingöngu inn að vori. Kennarar gefa lokið/ólókið eða bókstafi.